

Dómsmálaráðuneyti

Reykjavík, 2. júlí 2026

Efni: Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands um drög að skýrslu Íslands vegna allsherjarúttektar á stöðu mannréttindamála

Mannréttindastofnun Íslands telur drög að skýrslu Íslands vegna fjórðu allsherjarúttektar á stöðu mannréttindamála almennt gefa góða mynd af því hvernig tekist hefur að koma þeim tilmælum sem íslenska ríkið samþykkti í síðustu úttekt í framkvæmd. Sérstaklega er jákvætt að með skýrslunni fylgi yfirlit um stöðu einstakra tilmæla.

Í inngangi er meðal annars vísað til þess að Mannréttindastofnun hafi tekið til starfa og því „uppfylli Ísland nú Parísarviðmið Sameinuðu þjóðanna“. Í ljósi þess að stofnunin hefur enn ekki lokið vottunarferli hjá alþjóðlegum samtökum mannréttindastofnana (GANHRI) er ef til vill réttara að taka fram að á Íslandi sé nú starfandi sjálfstæð innlend mannréttindastofnun, sem leggi Parísarviðmið Sameinuðu þjóðanna til grundvallar í sínu starfi.

Að öðru leyti vísar stofnunin til athugasemda sinna um úttektina frá 27. febrúar sl. en vill þó jafnframt árétta eftirfarandi.

Alþjóðlegar skuldbindingar

Eins og fram kemur í skýrslunni hafa mörg jákvæð skref verið stigin frá síðustu allsherjarúttekt þegar kemur að alþjóðlegum skuldbindingum. Má þar helst nefna aðild að endurskoðuðum Félagsmálasáttmála Evrópu og fullgildingu valfrjálsrar bókunar við samning SP um réttindi fatlaðs fólks.

Hins vegar hefur enn ekki verið brugðist við fjölmörgum tilmælum um fullgildingu alþjóðasamningsins um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum og þriðju valfrjálsu bókunarinnar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Mannréttindastofnun Íslands telur mikilvægt að fram komi í skýrslu stjórnvalda hvort og þá hvenær fullgilding þessara skuldbindinga sé fyrirhuguð og ef ekki, hvaða ástæður liggi að baki því að stjórnvöld telji það ekki forgangsmál að svo stöddu.

Landsáætlun um mannréttindi

Enn hefur ekki verið brugðist við tilmælum frá síðustu allsherjarúttekt um gerð landsáætlunar um mannréttindi. Í skýrslunni er vísað til Grænbókar um mannréttindi, sem birt var árið 2023. Ein af meginniðurstöðum Grænbókarinnar var einmitt að móta þyrfti heildstæða stefnu og áætlun í mannréttindamálum til að tryggja gæði í vernd og framkvæmd mannréttindamála. Mannréttindastofnun hvetur stjórnvöld til þess að hefja vinnu við gerð landsáætlunar um mannréttindi sem fyrst og er stofnunin reiðubúin til ráðgjafar og samráðs í þeirri vinnu. Ef slík vinna er ekki fyrirhuguð er mikilvægt að greina frá ástæðum þess í skýrslunni.

Að lokum fagnar Mannréttindastofnun Íslands þeirri áherslu sem lögð hefur verið á samráð við undirbúning á fjórðu allsherjarúttektar á stöðu mannréttindamála (UPR). Stofnunin minnir einnig á að eitt af meginhlutverkum hennar er að vera stjórnvöldum til ráðgjafar og eflingu og vernd mannréttinda og er stofnunin því reiðubúin í frekara samtal eða samráð um skýrsluna eða önnur málefni sem varða mannréttindi með einum eða öðrum hætti.

Virðingarfyllst,



Margrét María Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri